



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

OPIÐ HÚS Á BESSASTÖÐUM SAFNANÓTT 2018

Í dag, föstudaginn 2. febrúar, verður forsetasetrið að Bessastöðum opið almenningi sem liður í Vetrarhátíð og Safnanótt 2018. Gestum býðst að skoða Bessastaðastofu milli klukkan 17:00 og 21:00.

Auk hinna merku steinhúsa frá 18. öld geta gestir virt fyrir sér sýnishorn gjafa, sem forseta hafa borist og fornleifar sem veita innsýn í búsetu á Bessastöðum frá landnáms tíð. Kirkjan verður einnig opin fyrir gesti á sama tíma.

Þá mun fyrsti forsetabíll lýðveldissögunnar, Packardbifreið Sveins Björnssonar, standa í hlaði Bessastaða en hún er ríflega sjötug, árgerð 1942.

Starfsmenn embættis forseta, fulltrúar kirkjunnar, nemendur úr Fjölbrautaskólanum í Garðabæ og nemar í fornleifafraði við Háskóla Íslands verða gestum til aðstoðar.

2. febrúar 2018

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Friðbjörn Möller, umsjónarmaður fasteigna (863 6963).